

Stjórn foreldrafélagsins

27. okt 2015

Mætt:

Svava Magnúsdóttir

Ingimundur Þorsteinsson

Faney Long

Sverrir Tryggvason

Sigríður Hrund Pétursdóttir

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir

1. **Breyting á stjórn:** Steingerður óskar eftir að hverfa úr stjórn.

2. **Spjaldtölvuvæðing:**

Stjórn foreldrafélagsins sendir bréf til skólaráðs og menntasviðs Kópavogs, afrit sent til Samkóps, þar sem eftirfarandi atriði eru sett fram:

a. Stjórn foreldrafélagsins biðlar til bæjarráðs að **rýna innleiðingu á spjaldtölvum** núna um áramót 2015-16 sem og næst komandi vor 2016, t.d. með viðhorfskönnun til hlutaðeigenda (nemenda, kennara og foreldra).

b. Stjórn foreldrafélagsins vill fá endurskoðun á fyrirkomulagi innleiðingar spjaldtölva og hvetur til lausnar sem felur í sér takmörkun á notkun spjaldtölva einungis innan kennslustofunnar, þ.e.a.s. að nemendur hafi ekki aðgengi að spjaldtölvunum í frímínútum og þurfi ekki að taka tækið heim.

c. Stjórn foreldrafélagsins óskar eftir sérstakri umsögn frá Íþróttaráði Kópavogs varðandi innleiðingu á spjaldtölvum.

d. Stjórn foreldrafélagsins óskar ennfremur eftir að fá upplýsingar hvort hlutaðeigendum hafi verið kynnt Lýðheilsuáhrif (t.d. umhverfisáhrif og vinnuhegðun) varðandi spjaldtölvur við innleiðingu spjaldtölva.

3. **Fjárhagsstaða foreldrafélagsins:** Eftir á að senda út greiðsluseðla. Svava Magnúsdóttir tekur að sér gjaldkerastöðu og mun sjá um að senda út greiðsluseðla.

4. **Fundartími stjórnar foreldrafélagsins:** Fundartími stjórnar festur síðasta þriðjudag í mánuði. Ritari setur inn dagsetningar á FB.

5. **Breytt skipulag viðburða á vegum foreldrafélagsins:**

Lögð er til eftirfarandi breyting á skipulagi viðburða á vegum foreldrafélagsins:

a. **Jólaföndur:** Vantar sjálfboðaliða þetta árið, fellur niður vegna áhugaleysis. Formaður sendir niðurfellingarpóst. Stjórn foreldrafélagsins felur hédan í frá umsjón jólaföndurs í hendur yngsta stiginu (1.-4. bekk). Stjórn viðburða skal vera í höndum bekkjarfulltrúa 4. bekkjar, sem síðan sjá um að útdeila verkefnum til bekkjarfulltrúa yngri bekkja.

b. **Vorhátíð:** Miðstigið sér um vorhátíð. 6. bekkur leiðir. Stjórn foreldrafélagsins felur hédan í frá umsjón vorhátíðar í hendur miðstigs (5.-7. bekk). Stjórn viðburða skal vera í höndum bekkjarfulltrúa 6. bekkjar, sem síðan sjá um að útdeila verkefnum til bekkjarfulltrúa 5. og 7. bekkja.

c. **Foreldrarölt:** Elsta stigið sér um foreldraröltið. 8. bekkur leiðir þessa framkvæmd. Stjórn foreldrafélagsins felur hédan í frá umsjón foreldrarölts í hendur elsta stiginu (8.-10. bekk). Stjórn viðburða skal vera í höndum bekkjarfulltrúa 8. bekkjar, sem síðan sjá um að útdeila verkefnum til bekkjarfulltrúa 9. og 10. bekkja.

6. Hittingur bekkjarfulltrúa og fulltrúa nemenda: Formaður sendir bekkjarfulltrúm póst sem inniheldur yfirlit yfir lista af fulltrúum nemenda. Stjórn foreldrafélagsins biður bekkjarfulltrúa sérhvers árgangs bekkjarfulltrúa um að halda fund innan tveggja vikna. Senda skal skilaboð til stjórnar þegar undirbúningsfundur hefur verið haldinn.

7. Brettarampur: Haldnir hafa verið tveir fundir á umhverfissviði með formanni stjórnar foreldrafélagsins. Umhverfissvið vinnur við heildarskipulag fyrir skólalóðina.

a. Stjórn foreldrafélagsins óskar sérstaklega eftir að fá að gera brettaramp sem fyrst óháð skipulagi skólalóðar.

b. Stjórn foreldrafélagsins óskar sérstaklega eftir að taka þátt í frumvinnu að skipulagi skólalóðar Kársnesskóla.

c. Formaður foreldrafélagsins mun hafa samband við Guðjón í Ekkó til að ræða mögulegan styrk foreldrafélagsins til félagsmiðstöðvarinnar sem ýtir undir hreyfingu og samveru nemenda.